

Borgarráð



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Reykjavík 23. febrúar 2021

Efni: Umsögn um erindi Leiknis vegna fimleika- og danshúss í Efra-Breiðholti.

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur fjallað um erindi Íþróttafélagsins Leiknis varðandi rekstur fimleika- og danshúss í Efra-Breiðholti.

Stjórn ÍBR fundaði með fulltrúum Leiknis og ÍR og kom þar fram að fimleikahús í Efra-Breiðholt er ekki endilega fyrsta val þegar spurt var um skoðanir félaganna varðandi aðstöðumál í Breiðholti. Hugur Leiknismanna stendur til þess að fá knatthús í Efra-Breiðholt og frekari aðstöðu og blak og badminton sem félagið hefur hafið starfsemi í eða hyggur á að hefja starf. ÍR-ingar myndu heldur kjósa að fimleikahús væri hluti af íþróttmiðstöð þeirra í Mjódd enda væri það hagstætt sem hluti af stærri rekstrareiningu félagsins.

Staðreynd er að ÍR er nú þegar með fimleikadeild sem hefur verið starfandi um árabíl. Miðað við fjölda íbúa í Breiðholtshverfi telur ÍBR ekki þörf á stofnun annarrar fimleikadeildar í hverfinu. Stjórn ÍBR telur því skynsamlegt að horfa til þess að fimleikadeild ÍR fái aðstöðu fyrir sína starfsemi í því húsi sem byggt yrði fyrir fimleika í Breiðholti. Ekki verður séð að það sé ástæða til að fela Leikni rekstur fimleikahúss, hvar í Breiðholti sem það yrði, þar sem félagið er ekki með fimleikadeild á sínum snærum.

Í ljósi þess hve stutt er í fullkomna fimleikaástöðu í nærliggjandi hverfum (Fylkir/Gerpla) telur stjórn ÍBR hinsvegar að skynsamlegt sé að skoða þann möguleika mjög vel að fimleikahús í Breiðholti verði hugsað sem aðstaða fyrir þjálfun grunnþátta fimleikaíþróttarinnar en ekki sem fullkomin aðstaða fyrir afreksþjálfun eða keppni á afreksstigi.

Í tillögu borgarráðs er talað um aðstöðu fyrir dans tengda fimleikahúsi sem er vissulega spennandi kostur til að auka framboð á íþróttum í Efra-Breiðholti. Stjórn ÍBR leggur til að jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að bæta við fleiri greinum eins og t.d. júdó, karate, taikvondó og/eða fleiri greinum sem ekki eru mjög plássfrekar í einhverskonar íþróttamiðstöð fyrir hverfið. Kannanir hafa sýnt að áhugi er talsverður á ýmsum greinum sem ekki er aðstaða fyrir í Efra-Breiðholti eða í hverfinu yfirhöfuð.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar ÍBR

Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri